

Stjórnarfundur Skype 2. febrúar 2015

Fundurinn settur kl. 18:00

Mættar: Guðbjörg, Krístrún, Jensína gjaldkeri, Marsibil og Þorgerður. Sigríður Ragnarsdóttir bættist við og Jensína fór af fundi eftir sinn lið.

Áður en dagskrá hófst sagði Þorgerður frá að hún hefði talað við Eygló um hvernig hægt sé að funda á netinu. Hún benti á „Go to meeting“. Guðbjörg segist ekki sjá mikinn mun á því og Skype.

Dagskrá

1. liður: European Forum. Krístrún sagði frá fundi í Hollandi 7. – 8. nóvember síðast liðinn þar sem nefndin hittist. Farið var yfir markmið og tilgang EF og ætlunarverk EF-nefndarinnar 2014-2016. Nefndin lítur svo á að megintilgangur EF sé að styðja við Evrópustarfið m.a. með því að efla samskipti félagskvenna milli landa. Liður í því er að hvetja deildir til að finna sér „systurdeild“ í öðru Evrópulandi til að eiga samskipti og samstarf við um tiltekið tímarskeið (samstarf af þessum toga er nú þegar fyrir hendi á nokkrum stöðum). Þá skal aukin áhersla lögð á kynningu á starfi DKG í Evrópu. Netið er lykilatriði í þessu sambandi. Nýta þarf evrópska heimasíðu samtakanna betur og hvetja félagskonur, deildir og stjórnir til að senda inn efni og tilkynningar til birtingar. Mikil ánægja með að Eygló vilji halda áfram að halda utan um Evrópuvefinn. EF-nefndin vill gera sögu og starfsemi DKG í Evrópu sýnilegri. Þetta er enn lítt mótað en nokkrar hugmyndir komu fram svo sem að safna upplýsingum um aðdraganda og stofnun sérstaks Evrópusvæðis og þær konur sem helst komu að þeirri þróun. Einnig að safna saman stiklum úr starfi landanna, þróun í fjölda og þátttöku félagskvenna, aðferðum við að kynna samtökin, auk þess að safna saman dæmum um athyglisverð verkefni sem hafa verið unnin í nafni samtakanna? Setja þarf ramma um upplýsingar sem beðið verður um og ritstýra til að tryggja lágmarks samræmi. Þetta yrði svo sett á vefinn. Blaðið Euforia er eingöngu birt á vefnum. Landssambandsstjórn í hverju landi þarf að sjá til þess að þær félagskonur sem ekki eru nettengdar fái blaðið útprentað.

Evrópuþingið í Borås 5.-8. ágúst 2015: Ákveðið var að hafa ekki „Pre-conference“ á undan aðalþinginu að þessu sinni. Faglegur hluti EF-fundarins laugardaginn 8. ágúst nk. mun fjalla um kennaramenntun og stöðu kennarans í skólakerfinu undir yfirskriftinni „Who wants to be a teacher?“

2. liður: Gjaldkerafréttir. Jensína sagði frá. Staðan er þokkaleg að hennar sögn. Sagði frá innheimtu félagsgjalda til alþjóðasamtakanna, greitt var þangað fyrir 343 konur. Gengið var frekar hagstætt þegar borgað var. Engar greiðslur eru útistandandi. Búið að greiða fyrir lyklakippurnar en ekkert hefur selst af þeim. Talað um að selja þær á þinginu í vor. Sagði frá stöðu annarra reikninga sem er þokkaleg.
3. liður: Landssambandsþingið - landssambandsfundur. Guðbjörg hafði samband við menntanefndina og erlenda fyrirlesarann sem ætlar að koma, sérhæfing hennar er tónlist. Stefnt verður að því að aðalefni þingsins verði list- og verkgreinar. Eta- og Kappadeild eru að undirbúa þingið sjálft. Spurt hvort heiðra eigi konu á þinginu, GS segir að við ákveðum það. Landssambandsstjórnin þarf að undirbúa aðalfundinn sem verður á sunnudeginum.
4. liður: Handbókin. Mikilvægt að handbókin komist á netið fullbúin sem fyrst og mun Guðbjörg ganga í það.

5. Liður: Heimsóknir forseta í deildir. Guðbjörg sendi póst til þeirra deilda sem hún á eftir að heimsækja til að fá fundartíma, á eftir að heimsækja 4 - 5 deildir og mun reyna að heimsækja þær sem fyrst.
6. Liður: Spilin. Samþykkt að nota hugmynd nr. 4. Viljum að allt sé á íslensku á spilunum þó verður enskur texti um íslensku samtökin. 1000 stykki yrðu framleidd. Frekari hugmyndir verða sendar til stjórnarinnar.

Annað: Guðbjörg sagðist hafa rennt yfir starfsáætlun stjórnarinnar og í raun værum við mjög langt komnar með það sem við stefndum að þegar tímabilið hófst.

Fundi slitið kl. 19:30.

Ritari, Þorgerður Sigurðardóttir.